

08. október 2024

STJÓRNARFUNDUR FORELDRAFÉLAGS FLATASKÓLA

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn 8.október kl. 19.30 og fór hann fram í Flataskóla.

Mæting:

Agnes Eva Sch. Gísladóttir, Helgi Davíð Björnsson, Kristín Linda Kaldal, Kristín Þóra Jónsdóttir, Fríða Bogadóttir og Anna María Björnsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð.

Efni fundarins:

HREKKJARVAKA

Skipulag á Hrekkjarvöku kynnt. Búið er að pósta skipulaginu í bekkjarfulltrúa grúppuna á facebook. Bekkjarfulltrúar sjá svo um að láta hvern árgang vita hvenær hrekkjarvökupartýin verða. Agnes fer yfir hrekkjarvökuskraut og hvað vantar.

HREKKJAVAKA Í FLATASKÓLA 27.-30. OKTÓBER

Sunnudagur 27. okt

13:00 Bekkjarfulltrúar hittast í salnum í Flataskóla og skreyta. Muna að taka með að heiman teip, límruállur, víra til að festa upp skrautið.

17:00-18:45 1. bekkur

19:15-21:00 6. Bekkur

Mánudagur 28. okt

17:00-18:45 3. bekkur

19:15-21:00 4. bekkur

Þriðjudagur 29. okt

17:00-18:45 2. bekkur

19:15-21:00 5. bekkur

Miðvikudagur 30. okt

19:00-21:00 7. bekkur

****21:00 Bekkjarfulltrúar mæta til að taka niður skreytingar**

PRAKTÍSKAR UPPLÝSINGAR

- Skólastjórnendur benda á að skemmtunin er fyrir börn og foreldra, ekki er ætlast til að börn mæti ein.
- Hver árgangur útfærir sína skemmtun, t.d. hræðilegt pálínuboð, leiki, dans o.s.frv.
- Ekki er ætlast til að börn séu að hlaupa um ganga skólans á meðan skemmtunin er í gangi.
- Mikilvægt er að árgangar í fyrra holti byrji að ganga frá 15 mín áður en skemmtun er lokið. Annars er hætt við því að næsti árgangur hangi á húninum.

Fyrir skemmtanir og frágangur

- Bekkjafulltrúar eru ábyrgir fyrir frágangi, það hefur gefist vel að virkja alla foreldra í það verkefni þá skot gengur þetta.
- Fyrra holtið getur dregið út borð, en það má skilja þau eftir fyrir seinna holl, sem þarf að smella þeim saman.
- Bekkjafulltrúar taka með sér ruslapoka, allan borðbúnað, diska, glös og annað fyrir veisluborðið, hægt er að fá vatnskönnur í skólanum en ekki annan búnað.
- Eftir skemmtun þarf að ganga frá öllu, taka allan mat og afganga (enginn vill íbítinn mat), sópa og þurrka upp ef það sullast. Þvo vatnskönnur o.s.frv.
- Allt rusl fer í ruslapoka, á eftir að fá staðfest hvort við fáum lykill af ruslageymslu eða skiljum pokana eftir, vinsamlegast skoðið flokkunarkerfið í Flataskóla.
- Foreldrafélagið er með lykil og eru bekkjafulltrúar ábyrgir fyrir því að læsa og slökkva í lok kvölds og koma á næsta.

FORELDRASAMSTARF

Rætt var um foreldrahittinga sem sumir árgangar eru byrjaðir á þar sem foreldrar hittast einu sinni á önn eða ári án barna til að styrkja samstarf foreldra, kynnast og ræða börnin, samskipti, skjátíma o.fl. Stjórnin ræddi um mikilvægi þessa og hvetja árganga til að gera hið sama. Nýji samskiptasáttmáli Garðabæjar kallar eftir meira foreldrasamstarfi.

BINGÓ

Rætt var hvort hafa ætti eitt kvöld eða tvö. Meiri áhugi á að hafa tvö kvöld en hafa seinna kvöldið með eldri bekkjum minna, færri pizzur. Leggja áherslu á að foreldrar mæti með börnin sín. Höfum samband við Hönnu varðandi dagsetningar. Rætt um dagsetningar sem ákveðnar verða á næsta fundi.

Næsti stjórnarfundur: Haldið áfram með bingó undirbúning, hækkun á gjaldi verður rædd og dagsetning ákveðin.

Fundi slitið kl. 21:10